TIGN VEFSINS

MYNDLIST

Hafnarborg

VEFNAÐUR

Auður Vésteinsdóttir. Opið daglega kl. 12-18 (nema þriðjudaga) til 20. febrúar. Aðgangur ókeypis


ÞAÐ vill oft gleymast þegar myndlist er skoðuð á sýningum, að á bak við hvert verk er saga mikillar vinnu. Það ferli nær allt frá óljósum hugmyndum, útfærslum, áætlunum, skissum, efnisvali og til framkvæmdar, þegar hið endanlega verk birtist listamanninum. Síðan er hans að ákveða hvort afraksturinn verður sýndur öðrum á opinberum vettvangi.

Veflistakonan Auður Vésteinsdóttir minnir á þetta í sýningarskrá þegar hún segir, „það er ánægjuleg iðja, en löng og ströng, að vefa myndvefnaðarverk, allt frá frumhugmynd í fullbúið verk ...“ Þegar best lætur, skilar sú ánægja sér hins vegar í gegnum verkið til áhorfandans, og svo er vissulega í þessari sýningu.

Auður hefur ekki verið áberandi á sýningarvettvangi, þrátt fyrir nokkurn feril. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1968-72 og hóf að taka þátt í samsýningum Textílfélagsins upp úr 1980. Loks hélt Auður tvær einkasýningar norðan heiða fyrir tæpum áratug, en þetta mun fyrsta einkasýning hennar á suðvesturhorninu.

Líkt og fleiri listmenn sækir Auður hugmyndir sínar til náttúrunnar, en vinnur úr þeim á sinn eigin hátt, þar sem reglubundið línuspil er mest áberandi þátturinn, og markar gjarna litbrigðin sem eru einn mikilvægasti hluti hvers verks. Í þessum vinnubrögðum fylgir Auður um margt í fótspor Ásgerðar Búadóttur, sem hefur náð einna lengst veflistamanna á þessu sviði, eins og nýleg sýning í Listasafni Íslands bar með sér.

Á sýningu Auðar eru rúmlega tuttugu verk frá síðustu þremur árum, sem öll eru ofin úr ull og



Dagskíma (1993).

hör. Auður litar ullina sjálf, og hefur því alla stjórn á þeim fínlegu litbrigðum, sem hér ráða ríkjum. Gulir og bláir litir eru mest áberandi, og endurspegla þannig loft, láð og lög.

Flest verkanna eru sléttofin, en í nokkrum tilvikum er flöturinn þó brotinn upp. Sums staðar er það gert með því að byggja verkin fram og gefa þeim þannig aukna vídd, eins og í „Haust“ (nr. 20), þar sem litbrigðin njóta þessa lags vel. Í öðrum verkum er brotið upp á horn þeirra ferhyrninga, sem vefurinn myndar, og aðrir litir látnir bera við í brotunum. Þetta tekst ekki síst í „Los“ (nr. 18) og „Gróandi“, sem nýtur rýmisins í anddyri Hafnarborgar.

Í verkunum „Þíða“ (nr. 10) og „Hrím“ (nr. 11) hefur listakonan sett fram tilbrigði við sömu formin, þar sem litir veðrabrigðanna koma skemmtilega fram; þar sem annað þessara verka er frá þessu ári, má ætla að hér sé vísbending um hvert stefnir í vefjum Auðar á næstunni.

Þrátt fyrir þetta eru það hinir hefðbundnari sléttu vefir sem draga helst að sér athyglina. Það hvílir ákveðin tign og ró yfir verkum eins og „Dagskíma“ (nr. 7), þar sem fara saman margir þeir þættir, sem listunnendur tengja veflistinni. Hér er að finna skýrt og einfalt myndmál, vandað litaval og faglega úrvinnslu - handbragð vandaðrar listakonu.

Er rétt að benda listunnendum á að líta inn í Hafnarborg á næstu vikum.

Eiríkur Þorláksson

Smágert landið

MYNDLIST

Hafnarborg

GRAFÍKVERK OG VATNSLITAMYNDIR

Gunnar Á. Hjaltason. Opið daglega kl. 12-18 (nema þriðjudaga) til 20. febrúar. Aðgangur ókeypis

ÞAÐ er ætíð gleðilegt að heyra af gjöfum til listasafna á Íslandi, enda löngum verið á það bent að öll okkar helstu söfn eru byggð upp á gjöfum velvildarmanna listarinnar, listamanna jafnt sem listsafnara.

Nýlega barst Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, höfðingleg gjöf frá Gunnari Á. Hjaltasyni listamanni, þegar hann færði stofnuninni á níunda tug grafíkverka eftir sig. Lunginn úr þessum verkum er til sýnis í Sverrissal Hafnarborgar og jafnframt er uppi í kaffistofu safnsins sýning á málverkum listamannsins, sem flest eru unnin með vatnslitum á pappír.

Gunnar er fæddur 1920 og lærði gullsmíði hjá Guðmundi Guðnasyni og Leifi Kaldal, en einnig hafði hann verið í teikniskóla Björns Björnssonar og Marteins Guðmundssonar sem unglingur. Myndlistin hefur ætíð verið honum hugfólgin síðan og hann haldið fjölda sýninga víða um land og jafnvel erlendis.

Þegar grafíkmyndirnar í Sverrissal eru skoðaðar er einkum tvennt sem vekur eftirtekt; annars vegar er smæð verkanna, en þau eru fæst meira en lófastór, og hins vegar er sú skarpa ímynd, sem listamaðurinn nær þó fram í því litla rými, sem hann temur sér. Viðfangsefnin sækir Gunnar fyrst og fremst til náttúrunnar og sjávarþorpsins, sem á sér sterka hefð í íslenskri listasögu, sem framsetningin er mótuð af; bátar í fjöru, þyrping lítilla húsa við hafið o.s.frv. Margar myndanna eru frá Hafnarfirði og undan Jökli, en landslagsmyndefnin koma víða að.

Flestar grafíkmyndirnar hér eru unnar með tréristu eðaréstungu, þó dæmi séu um fleiri vinnuaðferðir. Gunnar dregur myndefnin upp með skýrum hætti í þröngu myndsviðinu og fínlegt línuspilið nýtur sín víða mun betur en vænta má í svo litlum myndum. Sem dæmi um þetta má benda á „Amtmannsstíg (nr. 23), þar sem baksvipur Dómkirkjunnar rís tigulega í þéttri rigningunni svo og „Úr Selárdal (nr. 42), þar sem sjónarhornið gefur einkar sterkan heildarsvip í myndfletinum. Svipað má segja um „Frá Hellnum (nr. 35), þar sem jökullinn gnæfir yfir forgrunninum.

Þessar grafíkmyndir Gunnars eru góð áminning um að það er ekki endilega stærðin, sem skiptir máli í myndlistinni, heldur nýting rýmisins. Áhugafólk um þennan miðil ætti þannig að skoða „Jarðfallið (nr. 53) vel, því þar er að finna fullgilt listaverk, þrátt fyrir smæðina.

Gunnar sýnir einnig í kaffistofu Hafnarborgar, en þar er um að ræða smágerðar vatnslitamyndir. Efnistök og stærðir eru svipuð og í grafíkmyndunum, en njóta sín ekki eins vel í þessum miðli, þar sem Gunnar lætur oft freistast af fegurð litanna, gulli og bronsi, þannig að útkoman verður ofhlæði, sem litlir fletirnir standa ekki undir. Í stökum verkum nær þó myndbyggingin að greina sig frá þessu flúri og má benda á myndir eins og „Jökullinn (nr. 11) og „Hús i hrauninu (nr. 23) sem dæmi þess.

Í heild standa þessar myndir þó í skugga grafíkmyndanna, þar sem smágert landið nýtur sín vel og er áhugaverðasti þáttur framlags listamannsins.

Eiríkur Þorláksson




Morgunblaðið/Sverrir

Leikskólasinfónía

LEIKSKÓLATÓNLEIKAR sinfóníuhljómsveitarinnar eru yfirstaðnir þetta árið og þá sóttu hvorki meira né minna en 1.300 gestir. Flestir á aldrinum fjögurra og fimm ára, úr elstu bekkjum leikskóla í Reykjavík. Að þessu sinni tóku nemendur og kennarar úr Listadansskólanum þátt í tónleikunum og börnin sjálf líka, því nýr Gleðiforleikur Atla Heimis Sveinssonar krefst þátttöku tónleikagesta bæði í söng og klappi.

Tónleikar fyrir leikskólabörn í borginni eru árlegur viðburður hjá sinfóníunni og síðustu daga hafa tvennir slíkir tónleikar verið haldnir í Háskólabíói. Ljósmyndari Morgunblaðsins leit inn á þá síðari í upphafi vikunnar. Hákon Leifsson var þar hljómsveitarstjóri og kynnir og á efnisskrá voru þrír dansar úr Hnotubrjótnum eftir Tchaikovskíj, Veiðimannapolki eftir Johann Strauss, óveðurskaflinn úr 6. sinfóníu Beethovens og Gleðiforleikur Atla Heimis. Þar létu börnin ekki á sér standa og sungu líka með hljómsveitinni Snert hörpu minnar strengi



eftir Atla Heimi og Maístjörnuna eftir Jón Ásgeirsson. Dansstjóri var Auður Bjarnadóttir og hún samdi dansana auk Nönnu Ólafsdóttur. Sex nemendur Listadansskólans og tveir kennarar komu fram.



Sýningin Leirlist á Íslandi framlengd

ÁKVEÐIÐ hefur verið að framlengja sýninguna Leirlist á Íslandi sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum um eina viku eða til 12. febrúar.

Leirlist á Íslandi er í Vestursal og Miðsal Kjarvalsstaða. Í kynningu segir meðal annars: „Saga leirlistar á Íslandi er stutt, raunar innan við mannsævi og hófst fyrir tilstilli Guðmundar frá Miðdal, sem setti fyrstu leirmunagerðina á fót hér á landi um 1930. Með þessari sýningu er ætlunin að gefa nokkurt yfirlit yfir þróun leirlistar hjá íslenskum listamönnum sem hafa helgað sig þessum miðli og líta yfir sviðið eins og það er nú. Hér getur því að líta sýnishorn verka þeirra sem ruddu brautina, dæmi um hvað leirlistarfólk hefur verið að fást við síðustu áratugi og hver viðgangsefnin eru nú.“

Eftirtaldir listamenn sýna: Borghildur Óskarsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Gestur Þorgrímsson, Guðmundur Einarsson, Guðný Magnúsdóttir, Haukur Dór Sturluson, Helga Jóhennsdóttir, Jóna Guðvarðarsdóttir, Jónína Guðnadóttir, Kolbrún Björgúlfsdóttir, Kolbrún Kjarval, Kristín Ísleifsdóttir, Kristjana Samper, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Ragna Ingimundarsdóttir, Ragnar Kjartasonn, Rannveig Tryggvadóttir, Sigrún Guðjónsson, Sóley Eiríksdóttir og Steinunn Marteinsdóttir. Sýningarstjóri er Eiríkur Þorláksson.

„Í Austursal stendur yfir sýning á verkum úr eigu Kjarvalssafns. Sýndar eru myndir af þekktum íslendingum, landslagsteikningum og olíuverkum, uppstillingum og teikningum af ýmsum þeim furðuverum sem einkenna myndheim Kjarvals,“ segir ennfremur í kynningu.

Leirlist á Íslandi verður opin daglega til 12. febrúar og sýningin á verkum Kjarvals til 21. maí. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 10-18 og kaffistofan er opin á sama tíma.